

Innflutningur – Eftirlit með beinni löndun á dýraafurðum

Leiðbeiningarnar eru til stuðnings vinnulýsingu um innflutning dýraafurða frá 3ju ríkjum (**VLY-034**). Innflutningur dýraafurða, annarra en fiskafurða, skal vera undir virku eftirliti dýralæknis. Bein löndun skal vera undir eftirliti Matvælastofnunar og ráðstöfun vöru er óheimil þar til CHED hefur verið gefið út.

Undirbúningur

Eftirfarandi eyðublöð skal hafa við skoðun:

- Gátlisti 1&2 (**GAT-004**) og gámalisti ef landað er í gáma.
- Eyðublað fyrir hitaskráningar við löndun (**EBL-046**).

Framkvæmd

Löndun má ekki hefjast fyrr en eftirlitsmaður Matvælastofnunar er kominn á staðinn. Hann skal tryggja að eftirfarandi gögn liggja fyrir við löndun:

- Heilbrigðisvottorð þarf fyrir verksmiðjuskip (factory vessel, FV), en fyrir frystiskip (freezer vessel, ZV) nægir frumrit af yfirlýsingu skipstjóra (Captains Declaration) **EBL-083** (á U: drifi_A_Landamaraeftirlit_Eyðublöð_Eyðublöð matvælastofnunar).
- Ef skip er að veiðum á alþjóðlegu hafsvæði þarf: Löndunarleyfi (PSC-1 –Port State Control, sjá <https://www.lhg.is/english/jrcc-iceland/nr/46> stimplað af Landhelgisgæslu Íslands).

Við löndun skal að lágmarki vera einn eftirlitsmaður frá Matvælastofnun viðstaddur, allan tímann. Eftirlitsmaður skoðar eftirfarandi atriði:

- Pökkun og frágang vöru skv. leiðbeiningum um skjala-, auðkennis og heilnæmiseftilit (**LBE-061**).
- Hitastig vöru skv. leiðbeiningum um hitastigsmælingar (**LBE-081**).
- Aðbúnað og hreinlæti við löndun/flutning séu þannig að varan komist í upprunalegu ástandi frá skipi í frystigeymslu eða gáma.
- Ef framkvæma á heilnæmiseftilit/vöruskoðun (**LBE-061**) tekur eftirlitsmaður sýni til skoðunar á landamæraeftirlitsstöð. Nota skal vöruskoðunareyðublað (**EBL-045**) og miða skal við að skoða vörur frá mismunandi framleiðsludagsetningum.

Við beina löndun er annað hvort landað beint í frystigeymslu eða í gáma.

Landað inn í frystigeymslu

- Varan skal keyrð inn í geymslu sem Matvælastofnun hefur möguleika á að afmarka og innsigla.
- Geymslan skal vera á skrá yfir samþykktar starfsstöðvar (sjá upplýsingar um geymslur við landamæraeftirlitsstöðvar í (**LBE-030**).
- Geymslan skal vera á skrá sem tollfrjálst svæði, tollfrjálst vöruhús eða tollvörugeymsla fyrir ótollafgreiddar vörur sjá (**LBE-030**).
- Tryggja skal að vörur verði ekki fluttir frá geymslusvæðinu fyrr en leyfi Matvælastofnunar liggur fyrir.

Landað í gáma

- Eftirlitsmaður skal sjá til þess að innsigli Matvælastofnunar sé sett á alla gáma.
- Eftir löndun eru gámar fluttir frá löndunarsvæði til vigtunar og síðan fluttir inn á afmarkað geymslusvæði fyrir dýraafurðir frá 3ju ríkjum.
- Starfsmenn flutningafyrirtækja mega flytja gáma frá geymslusvæði þegar tilkynning um útgáfu á CHED hefur verið send til innflytjanda og tolls með tölvupósti frá Matvælastofnun.
- Ef löndun klárast ekki í lok dags skal innsigla gáma sem ekki er búið að fylla. Eftirlitsmaður rýfur síðan innsiglið þegar löndun er haldið áfram.

Lok löndunar

- Eftirlitsmaður skal fara um borð og tryggja að öllum farminum hafi verið landað.
- Löndun á að vera í samræmi við tilkynningu (CHED, fyrri hluti) til landamæraeftirlitsstöðvar.
- Fá skal vigtarnótu/talningarskýrslu frá löndunaraðila eða hafnarvog.

Stöðvun löndunar eða inngrip eftirlitsmanns

- Eftirlitsmaður skal stöðva löndun vegna ófullnægjandi ástands eða frábrigða vöru, sbr. **LBE-061**, t.d. vegna merkinga, umbúða, eða ef hitafall verður í vöru, sjá leiðbeiningar um hitastigsmælingar (**LBE-081**).